

Gjöld öll fyrir raforku má taka lögtaki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:  
Til ljósa 100 aura fyrir kwst.  
Til suðu 15 aura fyrir kwst.  
Til orku 50 aura fyrir kwst.

2. gr.

Rafmagn er Siglufjarðarkaupstaður notar sjálfur til götulýsingar og til eignarfa yfirleitt, skal greiðast með 30 aur. hver kwst.

3. gr.

Verðákvæði 1. og 2. gr. getur h.f. Skeiðsfoss með samþykki bæjarstjórnar hækk- að eða lækkað um allt að 20%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

4. gr.

Þegar um sölu á rafmagni til fyrirtækja er að ræða, sem nota 50 HA eða meira, verður gerður sérstakur samningur í hvert sinn.

5. gr.

Gjald fyrir rafmagn fellur í gjalddaga þegar er lesið hefir verið af og reikningur afhentur.

Rafmagnsgjöld má taka lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Gjaldskrá 25. nóvember 1922 um notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað með síðar áorðnum breytingum er úr gildi fallin.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*